



Borgarráð

Varmahlíð 1, Perlan, söluférlí

Lagt er til að borgarráð heimili Fjármála- og áttættustýringarsviði, eignaskrifstofu að hefja söluférlí á eign Reykjavíkurborgar að Varmahlíð 1, Perlunni auk tveggja vatnstanka sem eru í eigu Reykjavíkurborgar. Fasteignanúmer F2032823, F2505273 og F2505274.

Greinargerð.

Hitaveita Reykjavíkur byggði Perluna og var hún opnuð árið 1991. Reykjavíkurborg keypti Perluna af Orkuveitu Reykjavíkur árið 2013 eftir að mistekist hafði að selja hana í opnu söluférlí. Síðar keypti Reykjavíkurborg tvo vatnstanka af Orkuveitu Reykjavíkur.

Þegar Reykjavíkurborg keypti Perluna stóð rekstur fasteignarinnar ekki undir sér og tekjur voru rétt nægjanlegar fyrir fasteignagjöldum og lóðarleigu. Því var greitt með fasteigninni. Reykjavíkurborg tókst eftir opið auglýsingaferli að tryggja not hússins sem nú hýsir fjölsóttá náttúru- og vísindasýningu, auk veitingarekstrar. Núverandi leigutaki Perla norðursins ehf. hefur þróað Perluna sem áhugaverðan áfangastað í Reykjavík. Algjör viðsnúningur hefur orðið fjárhagslega eftir að fasteignin komst í eignarhald Reykjavíkurborgar og standa leigutekjur nú vel undir kostnaði og skila umtalsverðum tekjum árlega.

Perlan hefur síðustu ár tekið miklum breytingum og hýsir núna sýningar auk veitingastaða. Perlan er einn af aðaláfangastöðum ferðamanna í borginni, og frá útsýnispallinum er magnað útsýni yfir höfuðborgarsvæðið og fjallahringinn. Í Perlunni er fjöldi sýninga, þar á meðal íshellir, stjörnuver og gagnvirkar sýningar um íslenska náttúru og menningu.

Þessar eignir bjóða upp á aukin tækifæri og möguleika til áframhaldandi þróunar og er eðlilegt að kaupverð taki mið af því. Stærð hússins og tanka er um 5800 fermetrar og er fasteignamat 3.942.440.000 krónur. Söluférlí er eðlilega háð þeim fyrirvara að eðlilegt verð fáið fyrir eignirnar.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri